


Alþingi
Erindi nr. P 141/1897
komudagur 8.3.2013

Alþingi
v/Austurvöll
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. mars 2013
Tilvísun: 2013020208VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara

Persónuvernd vísar til tölvupósts frá allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 7. febrúar 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (pskj. 572, 453. mál á 141. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að uppljóstrurum verði veitt vernd gagnvart lögsóknum og annars konar aðgerðum.

Persónuvernd telur frumvarpið um margt óljóst og vill af því tilefni benda á eftirtalin atriði:

Í fyrsta lagi bendir Persónuvernd á að hvergi í frumvarpinu virðist vera að finna umfjöllun um móttakanda upplýsinga frá uppljóstrara eða vettvang þar sem uppljóstranir geta komið fram, t.d. hvort að um sé að ræða tilkynningar sem berist lögreglu, fjölmiðlum, eigendum fyrirtækja eða yfirmönnum. Almennt hefur verið litið svo á að við gerð s.k. uppljóstrunarkerfa (e. whistle-blowing systems) þurfi að vera skilgreindur móttakandi sem beri tilteknar skyldur.

Í öðru lagi bendir Persónuvernd á að einstaklingum er ávallt heimilt að koma á framfæri ábendingum um ólöglegt athæfi til lögreglu. Þá hefur heimildarmönnum fjölmiðla verið veitt víðtæk vernd í fjölmiðlalögum.

Í þriðja lagi vekur það upp spurningar að lögmenn séu þeir einu sem séu undanskildir ákvæði 7. gr. frumvarpsins um refsileysi. Í því sambandi tekur stofnunin fram að rík þagnarskylda hvílir t.a.m. á læknum og öðrum heilbrigðisstéttum. Velta má fyrir sér hvort að eðlilegt geti talist að

Það sé refsilaust að læknir rjúfi þagnarskyldu gagnvart sjúklingi til að koma upp um ólöglegt athæfi.

Þá bendir stofnunin á hjálagt álit 29. gr. hópsins, sem starfar á vettvangi Evrópusambandsins, um s.k. uppljóstrunarkerfi hjá fyrirtækjum. Þar er að finna ýmiss konar ábendingar varðandi hvernig slík kerfi skuli sett upp og hvað beri að varast í þeim efnum. Einkum er tekið fram að slík kerfi geti ekki tekið við tilkynningum um hvað sem er, þau skuli fyrst og fremst snúa að innviðum fyrirtækja, t.d. bókhalds- og skattalagabrotum, endurskoðun, innri endurskoðun o.þ.h.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd frumvarpið þurfa umtalsverðra breytinga við, bæði svo að ákvæði þess verði skýr og til að samhengi þess við aðra löggjöf - einkum ákvæði um vernd heimildarmanna í fjölmiðlalögum - verði ljóst.

Virðingarfyllst


Vigdís Eva Línadal